



Borgarráð

***Sjafnarbrunnur 5-9 - Framsal byggingarréttar og forkaupsréttur***

Á fundi borgarráðs þann 1. október 2015 var samþykkt að úthluta Viðskiptavit ehf., kt. 450207-1010, byggingarrétti fyrir raðhús á lóð nr. 5-9 við Sjafnarbrunn. Viðskiptavit ehf. hefur komist að samkomulagi við V Vit Vélar ehf., kt. 670716-0900, um framsal byggingarréttarins á ofangreindri lóð. Aðilar málsins hafa undirritað yfirlýsingu, dags. 20.8.2017, þar sem þess er óskað að borgarráð samþykki framsal byggingarréttar og falli frá forkaupsrétti á lóðinni. Borgarráð samþykkti aðilaskipti á veðskuldabréfi í eigu Reykjavíkurborgar vegna lóðarinnar á milli sömu aðila á fundi sínum þann 11. maí 2017.

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki framsal lóðarréttinda á Sjafnarbrunni 5-9 og að V Vit Vélar ehf., kt. 670716-090, verði nýr lóðarhafi lóðarinnar, enda gildi allir sömu skilmálar gagnvart hinum nýja lóðarhafa og giltu gagnvart hinum fyrri.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Yfirlýsing um framsal byggingarréttar, dags. 20.8.2017

Kópavogi 20. ágúst 2017

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar  
Bt. Gunnars Mús Jakobssonar  
Reykjavíkurborg  
Ráðhús Reykjavíkurborgar  
101 Reykjavík

Varðandi: Ósk um framsal lóðarréttinda að Sjafnarbrunni 5, 7, 9, 11, 13, 15, 17, 19

Viðskiptavit ehf, kt 450207-1010, lóðarhafi að Sjafnarbrunni 5, 7, 9, 11, 13, 15, 17, 19 óskar hér með eftir framsali á lóðarréttindum til V Vit Vélar ehf., kt. 670716-0900 en nú þegar hafa átt sér stað skuldaraskipti á veðskuldabréfum útgefnum af Reykjavíkurborg til handa sömu aðila.

Ástæðan er fyrst og fremst sú að Viðskiptavit ehf stundar virðisaukaskattskyldan rekstur og það fer ekki saman við reisningu húsbýgginga á ofangreindum lóðum. Það er öllu heppilegra að eigandi lóðanna stundi ekki virðisaukaskattskyldan rekstur. Ennfremur er eðlilegt að skuldari á veðskuldabréfum á umræddum lóðum sé ennfremur lóðarhafi með áskildum lóðarréttindum og kvöðum.

Þess ber að geta að V Vit Vélar ehf. er að öllu leyti í eigu sömu aðila og Viðskiptavits ehf, en það hefur áður komið fram þegar skuldaraskipti gengu í gegn fyrir í sumar.

Virðingarfyllst,

f.h. Viðskiptavits ehf

Sigríður Hrund Pétursdóttir

Kt. 120174-4529

Samþykkt  
th V Vit Vélar  
Sigríður Hrund Pétursdóttir

Vottar:

X Birkur Domarsson 041147 4239  
X Jóhann Sveinsson 161249-4249.